

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og móttöku úrgangs hjá Blönduóssbæ.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorphreinsunargjald.

#### 2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð, sumarhús, gripahús og fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Blönduóssbæjar. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

#### 3. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald og sorpeyðingargjald, kr. 16.000 og 12.000, samtals kr. 28.000. Gjald samkvæmt þessum lið miðast við að hirt sé úr einu 240 lítra sorphiláti á hvern greiðanda og miðað er við að losa þau á 14 daga fresti. Óski greiðendur eftir fleiri sorphilátum skal greiða 12.000 krónur fyrir hverja viðbótar 240 lítra. Bæjarstjórn getur ákveðið að leggja til tvö 240 lítra sorphilát og losa þau á 28 daga fresti sé um verulegan kostnað að ræða við sorphirðu.
- b) Sumarhús og gripahús í þéttbýli Blönduóssbæjar, sorpeyðingargjald, A-gjald, kr. 12.000.
- c) Gjöld í endurvinnslustöð Blönduóssbæjar eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stærð farms:	0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	0,75 (3/4) m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
Gjald	1.000 kr.	2.000 kr.	3.000 kr.	4.000 kr.

Stærri farmar skulu reiknaðir út frá rúmmáli samkvæmt töflunni hér að ofan. Ekki er tekið við stærri förmum er 5 m<sup>3</sup> á Endurvinnslustöðinni.

- d) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: Pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- e) Íbúar Blönduóssbæjar þurfa ekki að greiða móttökugjöld fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri í Endurvinnslustöðinni á Blönduósi.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarráði Blönduóssbæjar þann 25. janúar 2011 og staðfest af bæjarstjórn Blönduóssbæjar þann 15. febrúar 2011, á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduóssbæ nr. 187/2007 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi samþykkt um gjaldskrá nr. 220/2007 fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduóssbæ.

Gjaldskráin var staðfest á fundi heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra þann 22. febrúar 2011.

*Blönduósi, 28. mars 2011.*

**Arnar Þór Sævarsson** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2011